Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um stöðu prestsins í Hólma-prestakalli gagnvart hinum svonefndu fríkirkjumönnum. — 133 8. nóv.

Í þóknanlegu brjefi 25. september þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, lagt undir úrlausn ráðgjafans nokkrar spurningar, er sóknarpresturinn á Hólmum í Reyðarfirði, prófastur sjera Daníel Halldórsson, hefur komið fram með, viðvíkjandi stöðu hans gagnvart hinum svonefndu fríkirkjumönnum í nefndu prestakalli.

Fyrir því skal eigi látið hjá líða þjónustusamlega að tjá yður það, sem hjer fer á eptir, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir sóknarprestinum.

Að því er fyrst snertir spurningar sóknarprestsins um færslu kirkjubókanna, þá ber sóknarprestinum að innfæra í þær um barnafæðingar, en fríkirkjumönnunum er skylt að tilkynna honum þær, sbr. brjef ráðgjafans 8. nóv. f. á. Með því að þjóðkirkjan telur hina kristnu skírn gilda, jafnvel þótt hún sje framkvæmd utan þjóðkirkjunnar, þá er ekkert því til fyrirstöðu, að presturinn, þegar hann fær áreiðanleg vottorð um, að skírn hafi verið framkvæmd utan þjóðkirkjunnar, færi það inn í kirkjubókina, en geta skal þess í því tilliti, að í sjálfu sjer hefur vottorð frá hinum svonefnda forstöðumanni frísafnaðarins ekkert opinbert sönnunargildi. Einsog þarámóti ferming sú, sem framkvæmd er í trúarflokk, sem ekki er viðurkenndur, hefur enga þýðingu, hvorki í þjóðkirkjunni nje í borgaralegu fjelagi, þannig er einnig um hjónavígslu, að eigi geta aðrir framkvæmt hana, svo að nokkra þýðingu hafi, en þeir, sem ríkið hefur veitt vald til þess. Þessvegna á ekkert að innfæra í kirkjubækurnar um fermingar og hjónavígslur, sem framkvæmdar eru af presti fríkirkjumanna.

Sóknarprestinum á að gefa vitneskju um, hvenær sem maður deyr, til þess að hann geti getið þess í kirkjubókinni, og meðan fríkirkjumennirnir engan sjerstakan kirkjugarð hafa, á að grafa þá, er deyja meðal þeirra, í kirkjugarði sóknarinnar. Eigi mega utanþjóðkirkjumenn halda ræðu eða hafa nokkra helgisiði við greptranir, en þarámóti getur sóknarpresturinn, ef hann vill, ausið hinn dauða moldu á venjulegan hátt.

Að því er snertir ákvörðunina um, að færa skuli innkomna og burtvikna inn í kirkjubókina, þá er hún beinlínis lögregluákvörðun og lítur einungis til sóknarinnar sem landshluta (Distrikt) og á því að færa inn í kirkjubókina hverjir komi inn í sóknina og hverjir fari burtu úr henni, án þess að munurinn á þjóðkirkjumönnum og utanþjóðkirkjumönnum hafi nokkra þýðingu í því efni.

Að því er þessu næst snertir eptirlit sóknarprestsins með barnafræðslu, þá hlýtur það að ná til allra sóknarbúa, án tillits til þess í hverju sambandi þeir standa við þjóðkirkjuna. Þaraf leiðir, að sóknarpresturinn hefur bæði þann rjett og honum er sú skylda á herðar lögð, að koma einnig til hinna svonefndu fríkirkjumanna, til þess að hafa eptirlit með því, að börnin fái tilhlýðilega fræðslu, og verður það því, að ætla má, engum örðugleikum bundið að rita það, er rita ber, í hið svonefnda sálnaregistur, en að svo miklu leyti sem enginn ágreiningur er við þjóðkirkjuna í trúarefnum, á presturinn einnig að líta eptir kennslu í kristnum fræðum. Ferming er þarámóti fyrirskipuð eingöngu fyrir menn í þjóðkirkjunni og getur þessvegna ekki verið um neitt eptirlit í því skyni að ræða hjá þeim, sem ekki eru í henni; og heldur ekki getur nein skylda hvílt á sóknarprestinum að hafa eptirlit með breytni þeirra, sem gengnir eru úr þjóðkirkjunni.

Að endingu skal því viðbætt, með tilliti til spurninganna um gjöld til prests og

18. d. desembermán. 1884.

133 kirkju, að bæði fríkirkjupresturinn og aðrir meðlimir frísafnaðarins eru skyldir að greiða
8. nóv. öll lögboðin gjöld til sóknarprests og sóknarkirkju, þarmeð talin gjöld til viðurhalds kirkjugarðinum, en aptur á móti getur ekki verið umtalsmál, að sóknarprestinum beri borgun fyrir hin svonefndu aukaverk, sem fríkirkjupresturinn framkvæmir, þarsem þau eru ekki viðurkennd sem gild embættisverk.

Ef sóknarprestinum eru gjörðar tálmanir í að gegna embættisstörfum sínum, þarámeðal húsvitjunum, á, ef ástæða þykir til, að höfða sakamál gegn hlutaðeigendum til hegningar eptir 99. gr. 2. lið hegningarlaganna.

134 **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland** *til landshöfðingja* **um eptirgjöf á jarðarafgjöld-**
8. nóv. **um eptir nokkrar þjóðjarðir.** — Með þóknanlegu brjefi 30. júní þ. á hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað bónarbrjef frá 12 leiguliðum á þjóðjörðum í Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði, um eptirgjöf um stundarsakir á nokkru af jarðarafgjöldum þeim, er á þeim hvíla, og sökum þess að leiguliðar þessir hafa orðið fyrir stórkostlegu tjóni í harðærinu 1882, þarsem fjenaður þeirra annaðhvort drapst eða varð gagnslaus, og til þess að koma í veg fyrir það, að landssjóðurinn bíði meira tjón, ef jarðirnar sökum báginda landsetanna legðust í eyði, hafið þjer lagt það til, að beiðendunum verði veitt linun sú í jarðargjöldum, er nú skal greina:

1, að leiguliðanum á Svelgsá í Helgafellssveit verði í 3 ár gefinn eptir helmingur af leigum eptir innstæðukúgildi ábúðarjarðar sinnar, en leigurnar eru 100 pund smjörs, sem árlega greiðast í smjöri eða peningum eptir smjörverði verðlagsskrár.

2, að leiguliðanum á Hólum í sömu sveit verði í 2 ár gefinn eptir þriðjungur af leigum eptir innstæðukúgildi nefndrar jarðar, en leigurnar eru 60 pund smjörs á ári, sem greiðast á sama hátt.

3, að leiguliðanum á Selvöllum í sömu sveit verði um 1 ár gefinn eptir þriðjungur af leigum eptir ábúðarjörð sína, sem eru 30 pund smjörs, er greiðast á sama hátt.

4, að leiguliðanum á Horni í sömu sveit verði um 1 ár eptirgefinn helmingur af leigum eptir jörð þessa, sem eru 30 pd. smjörs, sem greiðast á sama hátt.

5, að leiguliðanum á Seljum í sömu sveit verði um 1 ár gefnar eptir leigur eptir 2 innstæðukúgildi, og að hann verði um 3 ár frá næstkomandi fardögum losaður við þessi kúgildi, og þau færð yfir á þær jarðir í umboðinu, sem í hlutfalli við aðrar vantar innstæðukúgildi.

6, að fyrverandi leiguliða á Hallbjarnareyri, Guðm. Oddssyni, verði enn um 2 ár eptirgefnar allar leigur eptir 5 af kúgildum jarðarinnar, sem eru 100 pd. smjörs, sem greiðast á áðurnefndan hátt.

7, að leiguliðanum á Hellnafelli í Eyrarhreppi verði um 1 ár eptirgefinn helmingur af leigum eptir ábúðarjörð sína, sem eru 80 pd. smjörs árlega og greiðast á sama hátt.

8, að leiguliðanum á Innri-Bug í Neshrepp innan Ennis verði í 2 ár gefinn eptir fjórði hluti af leigum eptir ábúðarjörð sína, sem eru 40 pd. smjörs árlega, sem greiðast á sama hátt.

9, að leiguliðanum á Kálfárvöllum í Staðarsveit verði í 3 ár gefinn eptir helmingur leigna eptir innstæðukúgildi jarðar þessarar, sem eru 80 pd. smjörs árlega og greiðast á sama hátt.